

Nd. 131. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

e-liður 3 gr. laganna orðist svo:

- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 53, 21. apríl 1954, um við auka við raforkulög nr. 12, 2. apríl 1946, er í 3. grein e-lið, gert ráð fyrir lántöku handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins til fjáröflunar til þeirra raforkuframkvæmda, sem lögin fjalla um. Nú hefur verið samið við banka um lántöku samkvæmt þessum lið og hefur orðið að ráði, að raforkusjóður verði lántakandi, en hann endurláni síðan rafmagnsveitum ríkisins.

Í lögnum er ekkert ákvæði um heimild til ríkisábyrgðar á láni þessu, sem raforkusjóður tekur. Að vísu eru í heimildarlögum um einstaka raforkuframkvæmdir ákvæði um ríkisábyrgð og lán til þeirra, en þar virðist átt við lán, sem rafmagnsveiturnar sjálfar taka, og þá þar með lán úr raforkusjóði. Rétt virðist að breyta lögum frá 21. apríl 1954, á þann veg að þar væri heimild til ríkisábyrgðar á lánnum, sem tekin eru samkvæmt e-lið 3. greinar.